

1985 nr. 28 4. júní**Lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum**

■ **1. gr.** Vinna skal að vörnum gegn tjóni og slysum af völdum snjóflóða og skriðufalla svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

□ Samheitið ofanflóð er hér eftir notað um snjóflóð og skriðuföll.

■ **2. gr.** Meta skal hættu á ofanflóðum í þeim sveitarfélögum þar sem ofanflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku.

□ Hættumat skal ná til byggðra svæða, svo og annarra svæða sem skipuleggja skal.

□ Taka skal fullt tillit til hættumats við [alla skipulagsgerð]¹⁾ og skal matið lagt fram sem fylgiskjal með skipulagstillögu.

¹⁾ L. 151/1995, 1. gr.

■ **3. gr.** [Veðurstofa Íslands skal annast gerð hættumats skv. 2. gr. á grundvelli sérfræðilegrar þekkingar á eðli og afleiðingum snjóflóða.

□ Reglur¹⁾ um notkun á hættumati, flokkun hættusvæða og nýtingu þeirra, svo og gerð varnarvirkja, skulu settar af umhverfisráðherra, að höfðu samráði við Veðurstofuna.

□ Almanna- og ríkisvarnir skulu annast gerð neyðaráætlana og sjá um leiðbeiningar og almenningsfræðslu um hættu af ofanflóðum í samvinnu við Veðurstofuna.]²⁾

¹⁾ Rg. 376/1995. ²⁾ L. 151/1995, 2. gr.

■ **4. gr.** [Þegar Veðurstofa Íslands, að höfðu samráði við lögreglustjóra og almanna- og ríkisvarnanefnd, gefur út viðvörðun um staðbundna snjóflóðahættu og lýsir yfir hættuástandi skal fólk flutt á brott úr öllu húsnæði á svæðum, sem tilgreind skulu í viðvörðun Veðurstofunnar, í samræmi við gildandi neyðaráætlun. Svæði þessi skulu afmörkuð á sérstökum uppráttum sem Veðurstofan skal sjá um að gera á grundvelli sérfræðilegrar þekkingar á eðli og afleiðingum snjóflóða. Skulu uppráttirnir staðfestir af umhverfisráðherra og kynntir Almanna- og ríkisvarnarmáttum almanna- og ríkisvarnanefndum á hlutaðeigandi stöðum.

□ Lögreglustjóri og almanna- og ríkisvarnanefnd sjá um að rýma húsnæði skv. 1. mgr. og má beita valdi í því skyni ef þörf krefur. Á meðan hættuástand varir er öll umferð bönnuð um það svæði, sem rýmt hefur verið, nema með sérstöku leyfi lögreglustjóra.

□ Veðurstofan tekur ákvörðun um það hvenær hættuástandi skuli aflétt, að höfðu samráði við lögreglustjóra og almanna- og ríkisvarnanefndir.]¹⁾

¹⁾ L. 151/1995, 3. gr.

■ **5. gr.** Veðurstofa Íslands skal annast öflun gagna um snjóflóð og snjóflóðahættu og úrvinnslu úr þeim. Hún skal annast mælingar á snjóalögum og rannsóknir á þeim með sérstöku tilliti til snjóflóðahættu og gefa út viðvaranir um hana.¹⁾

¹⁾ Rg. 533/1995.

■ **6. gr.** [Veðurstofa Íslands skal ráða starfsmenn til að kanna og fylgjast með landfræðilegum og veðurfarslegum aðstæðum með tilliti til hættu af snjóflóðum og/eða skriðuföllum í þeim umdæmum þar sem þörf er á slíkum atvuginum. Veðurstofan skal hafa samráð við hlutaðeigandi lögreglustjóra við ráðningu þessara starfsmanna.]¹⁾

¹⁾ L. 151/1995, 4. gr.

■ **7. gr.** [Sveitarstjórn lætur, að fengnu samþykki nefndar

skv. 8. gr., gera tillögu að varnarvirkjum fyrir hættusvæði sem byggð eru eða byggð verða samkvæmt aðalskipulagi.

□ Sé hagkvæmara talið, til að tryggja öryggi íbúa gagnvart ofanflóðum, er sveitarstjórn heimilt að gera tillögu um að kaupa eða flytja húseignir í stað annarra varnaðgerða sem ofanflóðasjóður fjármagnar að hluta eða öllu leyti samkvæmt þessum lögum.

□ Greiðsla úr sjóðnum miðast við staðgreiðslumarkaðsverð sambærilegra húseigna í sveitarfélaginu utan hættusvæða. Við ákvörðun þess skal ekki tekið tillit til hækkunar á markaðsverði sem rekja má til ákvörðunar um kaup á húseignum á hættusvæði.

□ Heimilt er að miða greiðslu úr sjóðnum við framreiknað kaupverð húseignar, sem keypt hefur verið á síðustu árum, ásamt mati á kostnaði núverandi eiganda af endurbótum hennar, ef fyrir liggur að staðsetning húseignar á hættusvæði eða í nánunda við það hefur haft áhrif til lækkunar markaðsverðs.

□ Eigi húseigandi ekki kost á sambærilegri húseign í sveitarfélaginu til íbúðar fyrir sig og fjölskyldu sína er heimilt að miða greiðslu úr sjóðnum við brunabótamat váttryggingafélags sem í gildi var á þeim tíma þegar ofanflóð féll. Sé ákveðið að inna greiðslu af hendi vegna yfirvofandi hættu, án þess að flóð hafi fallið, er við sömu aðstæður heimilt að miða hana við brunabótamat váttryggingafélags sem í gildi var við síðustu áramót. Sé brunabótamat herra en endurstofnverð húseignar, að frádregnum afskriftum vegna aldurs og byggingarefnis eignarinnar, skal greiðsla miðast við endurstofnverð sem þannig er reiknað.

□ Sjóðurinn greiðir ekki fyrir kaup á húseign, sem unnt er að flytja, nema heildarkostnaður við flutning sé hærri en kaupverð skv. 5. mgr.

□ Hlutaðeigandi sveitarstjórnarverður eigandi húseigna sem keyptar eru samkvæmt þessari grein.

□ Náist ekki samkomulag um kaup á húseign er sveitarstjórn heimilt að taka eignina eignarnámi.

□ Ekki má hefja byggingar á óbyggðum hættusvæðum né þetta þá byggð, sem fyrir er á hættusvæðum, fyrr en tilskildum varnarvirkjum hefur verið komið upp.]¹⁾

¹⁾ L. 151/1995, 5. gr.

■ **8. gr.** [Tillaga sveitarstjórnar skv. 7. gr. ásamt framkvæmda- og kostnaðaráætlun skal lögð fyrir þriggja manna nefnd, skipaða fulltrúum umhverfisráðherra, félagsmálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fallist nefndin á tillöguna öðlast sú ákvörðun gildi að fenginni staðfestingu umhverfisráðherra.

□ Ráðherra getur sett nánari reglur um störf nefndar skv. 1. mgr.]¹⁾

¹⁾ L. 151/1995, 6. gr.

■ **9. gr.** Sveitarstjórnir skulu annast framkvæmdir hver í sínu umdæmi í samræmi við samþykktar áætlanir. Framkvæmdir skulu unnar á grundvelli útboða þar sem því verður við komið. Áður en framkvæmdir hefjast skal liggja fyrir staðfesting ráðherra, sbr. 8. gr.

□ [Sveitarstjórn ber ábyrgð á viðhaldi varnarvirkja.]¹⁾

¹⁾ L. 50/1995, 3. gr.

■ **10. gr.** [Sérstakur sjóður ríkisins, ofanflóðasjóður, er í vörslu Viðlagatryggingar Íslands. Ráðstöfunarfé sjóðsins er:

1. Sérstakt gjald, forvarnagjald, sem lagt er á allar húseignir sem eru brunatryggðar hjá váttryggingafélagi sem

starfsleyfi hefur hér á landi og nemur 0,2% af váttryggingarverðmæti. Um innheimtu gjaldsins fer skv. 3. og 5. mgr. 11. gr. og 23. gr. laga um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992, með síðari breytingum. Álagning gjalds þessa skal ekki hafa áhrif til hækkunar á innheimtuþóknun til váttryggingafélaga.

2. 5% af árlegum heildariðgjaldatekjum Viðlagatryggingar Íslands. Þó skal það á árunum 1996–2000, eða vegna fimm næstu iðgjaldaára, vera 38% af heildariðgjaldatekjum Viðlagatryggingar Íslands.

3. Á árunum 1996–1999, eða vegna fjögurra næstu iðgjaldaára, 10% aukaálag á iðgjöld viðlagatrygginga samkvæmt lögum nr. 36/1995.

4. Árlegt framlag á fjárlögum í samræmi við framkvæmdaáætlun sem lögð skal fram við gerð fjárlaga hverju sinni.

5. Vaxtatekjur, sbr. 11. gr.

6. Aðrar tekjur.

7. Lán til starfsemi sjóðsins sem eru með ábyrgð ríkissjóðs og háð samþykki fjármálaráðuneytisins.]¹⁾

¹⁾ L. 62/1996, 1. gr.

■ **11. gr.** [[Fé ofanflóðasjóðs, sbr. 10. gr., skal notað til að greiða kostnað við rekstur sjóðsins, rekstur ofanflóðanefndar, sbr. 8. gr., og kostnað við varnir gegn ofanflóðum sem hér segir]:¹⁾

1. Greiða skal allan kostnað vegna athugana skv. 6. gr. í samræmi við nánari reglur sem [umhverfisráðherra]²⁾ setur.

2. Greiða skal allan kostnað við gerð hættumats [skv. 3. gr. og uppdráttu skv. 4. gr.]²⁾

3. Greiða [skal allan kostnað]²⁾ við kaup og uppsetningu á tækjum og búnaði sem sérstaklega er aflað til rannsókna og eftirlits með ofanflóðahættu. Sama gildir um kostnað við rannsóknir sem miða að því að bæta [hættumat og hönnun]²⁾ varnarmannvirkja.

4. Greiða má allt að 90% af kostnaði við undirbúning og framkvæmdir við varnarmannvirkja. Kostnaður við kaup á löndum, lóðum og húseignum auk kostnaðar við flutning þeirra vegna varna telst með framkvæmdakostnaði.

5. Greiða má allt að 60% af kostnaði við viðhald varnarmannvirkja.

□ [Umhverfisráðherra ákveður úthlutun úr ofanflóðasjóði að fengnum tillögum Veðurstofu Íslands, þegar um er að ræða úthlutun skv. 1.–3. tölul., en að fengnum tillögum nefndar skv. 8. gr., þegar um er að ræða úthlutun skv. 4.–5.

tölul.]²⁾ Ráðherra er heimilt að veita sveitarfélögum lán úr ofanflóðasjóði sem nemur kostnaðarhlut þeirra skv. 4. tölul. 1. mgr., enda sé viðkomandi sveitarfélagi fjárhagslega ofviða að leggja fram sinn kostnaðarhlut. [Skulu lánskjör vera hin sömu og sjóðnum standa til boða, sbr. 10. gr.]¹⁾³⁾

¹⁾ L. 62/1996, 2. gr. ²⁾ L. 151/1995, 7. gr. ³⁾ L. 50/1995, 4. gr.

■ **12. gr.** Fella skal niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af feni og tækjum sem flutt eru sérstaklega til landsins til varna gegn ofanflóðum.

■ **[13. gr.]¹⁾** [Umhverfisráðherra]²⁾ setur með reglugerð³⁾ nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

¹⁾ L. 62/1996, 3. gr. ²⁾ L. 151/1995, 9. gr. ³⁾ Rg. 145/1996.

■ **[14. gr.]¹⁾** Endurskoða skal lög þessi á árinu 1996 og skal stefnt að því að frumvarp til nýrra laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum verði lagt fyrir Alþingi eigi síðar en í desembermánuði 1996.]²⁾

¹⁾ L. 62/1996, 3. gr. ²⁾ L. 151/1995, 10. gr.

■ **[15. gr.]¹⁾** Lög þessi öðlast þegar gildi.

¹⁾ L. 62/1996, 3. gr.

[Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.** Starfsmenn þeir, sem ráðnir hafa verið af lögreglustjórum skv. 6. gr. laganna, skulu sjálfkrafa verða starfsmenn Veðurstofu Íslands, enda skulu laun þeirra og önnur kjör ekki verða lakari við þá breytingu en um hefur verið samið.]¹⁾

¹⁾ L. 151/1995, 11. gr.

■ **[II.** Í þeim sveitarfélögum þar sem snjóflóð hafa fallið á árinu 1995 skal gilda svohljóðandi regla um heimild til greiðslu úr ofanflóðasjóði í stað ákvæðis 5. mgr. 7. gr.:

Eigi húseigandi ekki kost á sambærilegri húseign í sveitarfélaginu til kaups og byggi hann nýja húseign í sveitarfélaginu til íbúðar fyrir sig og fjölskyldu sína er heimilt að miða greiðslu úr sjóðnum við brunabótamat. Sé brunabótamat hærra en endurstofnverð húseignar skal greiðsla miðast við endurstofnverð. Enn fremur er heimilt að inna af hendi greiðslu úr sjóðnum til húseiganda sem orðið hefur fyrir tjóni í snjóflóði á árinu 1995 þannig að heildargreiðsla til hans, að meðtöldum bótum frá Viðlagatryggingu Íslands, verði sambærileg við greiðslu til annarra húseigenda samkvæmt þessu ákvæði.]¹⁾

¹⁾ L. 151/1995, 12. gr.

■ **[III.** Á árinu 1996 er ofanflóðasjóði heimilt að taka lán að uppþæð allt að 800 millj. kr.]¹⁾

¹⁾ L. 62/1996, 4. gr.